



HRUNAMANNAHREPPUR

49. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR (AUKAFUNDUR) KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 5. FUNDUR ÁRSINS VERÐUR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 17. APRÍL 2018 KL. 8.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 17. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 8:00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir og Bjarney Vignisdóttir. Halldóra setti fund, stjórnaði honum og ritaði fundargerð. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Kópsvatn 1. Deiliskipulag vegna borholu.

Gengið til dagskrár:

1. **Kópsvatn 1. Deiliskipulag vegna borholu.**

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 2 ha svæðis úr landi Kópsvatns, utan um núverandi heitavatnsborholu. Í tillögunni er afmörkuð um 1,3 ha lóð auk byggingarreitar þar sem heimilt verður að byggja aðstöðuhús, borholuhús og hús fyrir rafala, samtals allt að 500 fm. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann 28. febrúar 2018 með athugasemdafresti til 12. apríl. Engar athugasemdir bárust en fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands. Er tillagan lögð fram með minniháttar breytingum sem felast í stækkun byggingarreitar til norðausturs, bætt er við umfjöllun um fráveitu, lagfæringa á texta auk þess sem sýnt er svæði fyrir kælitæki.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið með ofangreindum breytingum og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. Ekki er talið að breytingar á deiliskipulagi séu þess eðlis að auglýsa þurfi tillöguna að nýju.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 8:10.